

### Freyja Jónsdóttir skrifar

Þar sem nú er Suðurgata 8 stóð áður bær sem nefndur var Loftstaðir. Þar bjó um 1880 Jón Jónsson frá Loftsstöðum í Flóa með fjölskyldu sinni og var bærinn og túnið í kringum hann nefnt eftir æskuheimili hans. Það kom þó stundum fyrir að bærinn var kallaður „Halldóru-bær“ og þá kenndur við konu Jóns, Halldóru Teitsdóttur. Þau hjón, Halldóra og Jón, bjuggu um tíma á Jófríðarstöðum í Hafnarfirði og mun þau hafa byggt sér þar bæ. Árið 1886 er talið að Franz Siemsen hafi byggt hús sem enn stendur og var við Suðurgötu 8. Hann var þriðji sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, með búsetu í Hafnarfirði, og fyrsti sýslumaðurinn þar sem bjó í sínu eigin húsnæði.

Árum saman gekk þetta hús undir heitinu Sýslumannshúsið. Fyrir nokkrum árum var það flutt yfir götuna, þegar það þurfti að víkja fyrir byggingu nýs safnaðarheimilis og er nú Suðurgata 11. Í húsinu er núna útibú frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Samkvæmt manntali frá 1890 búa í Sýslumannshúsinu: Franz Siemsen, húsbóndi og sýslumaður, 35 ára; Þórunn Siemsen, kona hans, 24 ára; og börn þeirra: Árni, 2 ára, og Sigríður, á fyrsta ári. Enn fremur eru á heimilinu: Guðmundur Helgason, 17 ára, sýsluskrifari; María Gunnlaugsdóttir, 31 árs, vinnukona, fædd í Miklaholtssókn, og Vigdís Pálsdóttir, 20 ára, vinnukona, fædd í Borgarsókn.

Franz Siemsen var fæddur 14. október 1855, sonur Edwards Siemsen, kaupmanns í Reykjavík, og konu hans Sigríðar Þorsteinsdóttur. Móðurafi hans var Þorsteinn Bjarnason, lögregluþjónn í Reykjavík. Franz Siemsen tók próf í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1881. Í ágúst 1886 fékk hann Gullbringu- og Kjósarsýslu, en áður hafði hann verið settur málfutningsmaður í Landsyfirdómi á annað ár. Kona hans var Þórunn Árnadóttir, hún var dóttir Árna Thorsteinssonar landfógeta.

Börn þeirra voru: Árni, Sigríður, Soffía og Theodór.

Næsti sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu var Páll Einarsson, sem flutti í húsið um 1899 og bjó þar til ársins 1908, á meðan hann gegndi sýslumannsembættinu. Hann var sonur Einars Guðmundssonar, bónda á Hrauni í Fljótum, og konu hans Kristínar Pálsdóttur frá Viðvík í Skagafirði. Kona Páls var Sigríður Árnadóttir Thorsteinssonar. Hún lést 29. janúar 1905. Seinni kona Páls var Sigríður Franzdóttir Siemsen sýslumanns í Hafnarfirði, sem bjó áður í húsinu.

Páll Einarsson var sýslumaður í Barðastrandarsýslu á árunum 1893 til 1899, borgarstjóri í Reykjavík frá 1908 til 1914, síðan sýslumaður Ey-




Sýslumannshúsið stendur enn við Suðurgötu, en nú er það númer 8 og er á uppsteyptum kjallara. Upphaflega stóð húsið handan götunnar.

## Sýslumannshúsið í Hafnarfirði

firðinga og bæjarfógeti á Akureyri til 1919, og hæstaréttardómari til 1935. Hann lést 17. desember 1954. Páll Einarsson og Sigríður Franzdóttir, kona hans, bjuggu lengi á Vesturgötu 38 í Reykjavík.

Árið 1902 áttu heima í Sýslumannshúsinu: Páll Einarsson sýslumaður, Sigríður Árnadóttir, kona hans; börn þeirra: Árni og Kristín, ásamt fósturdótturinni Sigrúnu Eiríksdóttur. Þá voru á heimilinu vinnukonurnar Ingileif Sigurðardóttir Bachmann, fædd 1877 á Vatnseyri við Patreksfjörð, og Arnleif Guðmundsdóttir, fædd 1877 í Hvammssókn.



Þessi mynd af húsinu er tekin nærri aldamótum, þegar vandaðar girðingar og falleg hlíð settu svip sinn á bústaði betri borgara.

Einnig var á heimilinu Árni Þorbergur Þorsteinsson, fæddur 1885 á Tröð á Álftanesi. Árni þessi lærði trésmíði, en stundaði kvikmyndahússrekstur í mörg ár.

Magnús Sigurðsson bjó í nokkra mánuði í húsinu árið 1908; hann var næstur á eftir Páli Einarssyni. Magnús var bæjarstjóri í Hafnarfirði og sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrri hluta ársins 1908 og síðan bankastjóri Íslandsbanka. Kona hans var Ástríður, dóttir Magnúsar Stephensen landshöfðingja; hún lést 25. apríl 1933. Seinni kona Magnúsar Sigurðssonar var Margrét Stefánsdóttir frá Stóra-Knarrarnesi á Vatnleysuströnd.

Jón Hermannsson frá Velli í Rangárvallasýslu var með embætti sýslumanns seinni hluta ársins 1908 og bjó þann tíma í húsinu. Næstur kom í húsið Magnús Jónsson, sem var skipaður sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarstjóri í Hafnarfirði 20. des-

ember 1908 og gegndi því embætti til ársins 1934. Hann var fæddur 27. desember 1865, sonur Jóns Halióórssonar á Laugabóli í Nauteyrarhreppi og Guðrúnar Þórðardóttur. Eftir lögfræðipróf var Magnús settur sýslumaður í Vestmannaeyjum í tvö ár. Síðan vann hann hjá bæjarfógetanum í Reykjavík og stundaði málafærslustörf þar til hann fór til Hafnarfjarðar. Magnús þótti ákaflega duglegur og gekk í hvaða störf sem var. Hann stundaði búskap ásamt sýslumannsstörfunum, eins og fyrirrennarar hans gerðu. Hann þótti ganga hraustlega að allri vinnu og til þess var tekið hvað hann var góður sláttumaður. Eftir að hann flutti úr húsinu var það tekið undir skrifstofur og lögreglustöð.

Á fyrstu tugum aldarinnar ferðudust sýslumenn á hestum og áttu þá margir hverjir nokkra gæðinga. Sýslumenn Gullbringu- og Kjósarsýslu heyjuðu túnið við Sýslumannshúsið til fódurs handa hestum sínum. Til þess var tekið hvað Páll Einarsson átti fallega gæðinga. Það hefur líka komið sér vel, því svæði sýslumanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu var stórt og mikið yfirferðar.

Í brunamati frá 12. október 1945 kemur fram að búið er að byggja við húsið, tveggja hæða hús úr steinsteypu sem er innangengt í frá gamla húsinu. Viðbyggingin var notuð fyrir fangageymslu, lögregluvarðstofu og dómsal. Þarna voru átta fangaklefar og í mörg ár var Stígur Sæland þar fangavörður. Kona Stígs var Sigríður Sæland; hún var ljósmóðir og stundaði ljósmóðurstörf í Hafnarfirði í mörg ár og þótti lánsöm í starfi.

Í sýslumannshúsinu voru sýsluskrifstofur og íbúð á efri hæðinni. Í þeirri íbúð bjó Guðmundur Breiðdal húsvörður, sem einnig vann við innheimtu fyrir sýslumannsembættið. Sýslumannshúsið var byggt af bindingi, múrurum með múrsteinum, og byggt að danskri fyrirmynd. Það var með stórum kvistum á þakhæð. Í mörg ár hafði Sveinn Björnsson, yfirannsóknarlögreglumaður og listmálarí, skrifstofu sína í herberginu með suðurkvistinum. Þaðan var mikið og gott útsýni yfir höfnina. Sýslumannsembættið var þarna til húsa til ársins 1967, er það flutti á Strandgötu og síðan í Bæjarhraun.

Eftir að sýsluskrifstofurnar fóru úr húsinu kom þangað Bifreiðaeftirlit ríkisins og var til ársins 1984.

Þegar húsið var flutt yfir götuna var það sett á háan steinkjallara, en að öðru leyti heldur það sínu upprunalega útliti, nema búið er að járnklæða það. Áður var það með timburklæðningu á veggjum og járn á þaki.

Í kjallara hússins eru tvær litlar íbúðir.

Heimildir frá Þjóðskjalasafni og Skjalasafni Hafnarfjarðar.



Árið 1893 sólaði þetta fólk sig undir Hamrinum í Hafnarfirði. Fremst situr Franz Siemsen sýslumaður ásamt Þórunni konu sinni. Börn þeirra eru Soffía, Árni Theodór og Sigríður. Maðurinn með hattinn er Jóhannes Jóhannesson sýslumaður.